

## Dagsetningar vegna vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árin 2025 – 2028

11. júlí. Byggðarráð. Verkáætlun um fjárhagsáætlunarferlið kynnt ásamt drögum að dagsetningum í fjárhagsáætlunarvinnunni. Rætt um ramma og helstu áherslur ef fram eru komnar.

16. ágúst. Upplýsingar til stjórnenda. Upplýsingar sendar deildarstjórum/ábyrgðarmönnum málaflokka ásamt drögum að Verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun.

28. ágúst. Vinnufundur sveitarstjórnar, aðal – og varamenn í sveitarstjórn boðaðir og áherslur ræddar hvað varðar rekstur og framkvæmdir.

Fyrri hluti september. **(4. september kl. 14:30)** Fundir með deildarstjórum og forsendur kynntar. Deildarstjórar vinni í sínum áætlunum og skili inn tillögum fyrir 7. október.

Nefndir taka fyrstu umræðu um ramma innan síns málaflokks, áherslur og gjaldskrár ræddar þar sem við á. Nefndir eru hvattar til að koma með tillögur og/eða ábendingar varðandi fjárfestingar.

10. og 11. október. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.

17. október. Sveitarstjórnarfundur, haldinn viku seinna en vant er vegna fjármálaráðstefnu sveitarfélaga dagana 10. og 11. október. Á undirbúningsfundi gefst tækifæri til að ræða áherslur í rekstri og framkvæmdum.

24. október. Byggðarráð ræðir fram komin gögn við vinnu við fjárhagsáætlun og ræðir einnig um áherslur í fjárfestingum. Forsendur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir vinnslu fjárheimilda á árinu 2024 lagðar fram. Drög að útkomuspá fyrir árið 2024 lögð fram.

Lok október/fyrsta vika nóvember. Nefndum kynnt staða ramma innan þess málaflokks sem um ræðir, áherslur og gjaldskrár ræddar þar sem við á.

7. nóvember – aukafundur Byggðarráðs. Kynnt drög/tillaga að fjárhagsáætlun ásamt drögum/tillögu að fjárfestingaráætlun 2025 – 2028. Að óbreyttu er tillaga að þetta verði lokafundur fyrir fyrri umræðu í sveitarstjórn.

14. nóvember. Sveitarstjórnarfundur. Staða mála varðandi vinnu við fjárhagsáætlun rædd á vinnufundi/undirbúningsfundi fyrir reglubundin fund sveitarstjórnar þennan dag og á fundinum tekin til fyrri umræðu tillaga að fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2025-2028.

18. og 19. nóvember. Íbúafundir í Nýsköpunarsetri, kynnti staða vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

28. nóvember. Byggðarráð – staða mála við vinnu við fjárhags- og framkvæmdaáætlun rædd. Einnig yfirfarin útkomuspá fyrir árið 2023. Umræður og ábendingar frá íbúafundi ræddar.

12. desember. Sveitarstjórn – seinni umræða um fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

15. desember. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2024 – 2027 kynnt á vef Dalabyggðar.



*\*með fyrirvara um að einstaka dagsetningar og fyrirkomulag kann að taka breytingum.*